



Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar



Stekkjartóft í landi Staðar.

Ljósmynd: B.Zoëga

**Bryndís Zoëga,
Guðný Zoëga,
Sigríður Sigurðardóttir**
september 2005

2005/44

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	I
MYNDA- OG TÖFLUSKRÁ	II
INNGANGUR	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	1
SVÆÐISSKRÁNING OG AÐFERÐIR	3
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	3
JARÐANÚMER	3
TEGUND, HLUTVERK OG HEITI	4
LEGA	4
STAÐHÆTTIR OG LÝSING	4
SAGA JARÐANNA OG FORNLEIFAR	4
STAÐUR 144048 – 5	5
SAGA	5
FORNLEIFASKRÁ.....	12
FJARÐARHORN 142188 –108	15
SAGA	15
FORNLEIFASKRÁ.....	20
AÐRAR MINJAR	24
SAMANTEKT	25
HEIMILDASKRÁ	30
VIÐAUKI 1 – HNITASKRÁ	32
Viðauki 2 - kort	

Mynda- og töfluskrá

1. MYND. STEKKJARTÓFT Í LANDI STAÐAR.....	12
2. MYND. GAMLI BÆJARHÓLLINN Á FJARÐARHORNÍ FYRIR MIÐRI MYND. HORFT Í SUÐUR.....	20
3. MYND. HEYSTÆÐI Í LANDI FJARÐARHORNS, HORFT ER TIL SUÐVESTURS	23
1. TAFLA. VEGLÍNUR OG FORNLEIFAR VIÐ ÞÆR.....	25

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda fyrir botni Hrútafjarðar var gerð fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir svæðið að beiðni Vegagerðar Ríkisins. Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram í tengslum við vegagerð og var Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fengin til verksins. Vettvangsrannsókn fór fram dagana 8. og 9. september 2005 þar sem gengið var eftir fyrirhuguðum veglínunum og skráðar þær fornminjar sem voru í eða í námunda við þær. Vettvangsvinna var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi og Guðnýju Zoëga fornleifafræðingi Skýrslugerð var í einnig í þeirra höndum auk Sigríðar Sigurðardóttur, sagnfræðings. Sérstakar þakkir fá heimildamenn okkar Eiríkur Gíslason frá Staðarflöt, Rósa Jósefsdóttir og Sigurður Geirsson ábúendur Fjarðarhorni, Þorkell Zakaríasson, Brandagili og Georg Jón Jónsson, Kjörseyri.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á

framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað.

Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Svæðisskráning og aðferðir

Helstu heimildir eru kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹PT

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Fjarðarhorn 142188, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847), 108 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Fjarðarhorns væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Fjarðarhorn 142188-108 - 1. Sé jörð með landnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Gerði, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Vegagerðinni.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá því hvað heimildir segja um staðhætti og lýsingu á minjum.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Staður 144048 – 5

Saga jarðarinnar og fornleifar

Í fyrri hluta þessa kafla verður stiklað á sögu jarðarinnar í stórum dráttum, en í seinni hlutanum er hin eiginlega fornleifaskrá. Í fyrri hluta kaflans er heimilda getið neðanmáls undir tilvísunarnúmeri sem vísar á heimildaskrá aftast í skýrslunni. Í seinni hluta kaflans, í hinni eiginlegu fornleifaskrá er heimilda getið við hverja fornleif og vísað til heimilda innan sviga með skammstöfunum þar sem þarf í textanum, en hver skráning á að geta staðið ein og óstudd með heimildum sínum.

Saga

Jörðin Staður var í landnámi Bálda Blængssonar sem nam Hrútafjörð allan og bjó að „Bálkastöðum hvárumtveggjum, en síðast á Bæ ok dó þar“². Þar var þingstaður frá fornu fari.

Ábúenda að Stað er getið í Íslendingasögu, um miðja 12. öld, en þá bjuggu þar Skeljungur Helgason og Þorgerður Ásbjarnardóttir. Börn þeirra voru Helgi prestur, Narfi og Þorlaug³. Árið 1228 bjó þar Brandur Jónsson. Hann var náskyldur Sturlungum og stórlátur eins og þeir. Móðir hans var Steinunn Sturludóttir systir Snorra í Reykholti. Árið 1228 sendi Snorri Jón murt til Brands að heimta af honum fé, en Snorri taldi sig eiga óuppgert fornt sektarfé á hendur Steinunnar systur sinnar. Brandur sló vígásam (trjám) fyrir dyr þannig að Jón komst ekki inn og fór við svo búið. Nokkru seinna kallaði Jón menn sína úr miðjum slætti skipaði þeim að söðla hesta og ríða með sér aftur norður í Stað að hitta Band. Er þangað kom hittu þeir fyrst fyrir Vandráð heimamann Brands og hjuggu af honum fót. Af þeim sárum dó Vandráður. Þeir réðust svo inn í bæinn og tóku Brand og fluttu hann nauðugan suður í Reykholt „því hann vildi eigi kúgast láta“⁴. Þeir frændur náðu samkomulagi og gaf Snorri honum upp skuldir, en stutt var í því góða milli þeirra eftir það. Nokkru seinna fór Brandur norður í Víðidal með yfiringangi og heimtaði slátur af bændum. Þeir brugðust illa við og sló í brýnu og sóttu fjórir að Brandi, en hann

² *Íslendinga sögur*. Fyrsta bindi. Bls. 119.

³ *Sturlunga saga* I. Bls. 63.

⁴ *Sturlunga saga* I. Bls. 324. Sjá einnig bls.319.

varðist með pansara sínum. Áflogunum lauk þannig að Brandur fékk högg á hendina sem tók hana nær af. Var búið um sárið en svo illa tókst til að hann missti höndina á endanum⁵. Þetta sama ár urðu þau stórtíðindi að Vestfirðingar rændu, og kveiktu í húsum á óðali Sturlu Sighvatssonar að Staðarfelli og drápu fólk. Sturla var að heiman og lét Brandur á Stað flytja honum þessi tíðindi.

Ábúendaskipti urðu að Stað stuttu fyrir miðja 13. öld. Árið 1244 bjó þar Brandur Kolbeinsson. Ekki er getið um hvort hann er skyldur nafna sínum Jónssyni, sem áður sat staðinn en líklegt er að svo hafi verið. Brandur Kolbeinsson var liðsmaður Ásbirninga í Skagafirði, þingmaður Kolbeins unga, sem stoppaði með yfir 100 manna liðsveit hjá Brandi á Stað er hann vígbjóst á hendur Sturlu Sighvatssyni árið 1244 og ætlaði að hefna Örlygsstaðabardaga. Er hann kom að Stað skipti hann liði sínu í tvennt og lét Brand taka við stjórn á öðrum helmingnum og bað hann að „fara hermannlega“⁶. Það var í þeim aðgerðum sem þeim Brandi og Kolbeini tókst að ginna Loðinn bónda í Fjarðarhorni úr bænhúsi, eins og þar stendur⁷ og fóthöggva hann, en hann var fylgismaður Sturlunga. Tæplega mun nútíminn geta flokkað þá aðgerð hermannalega.

Árið 1253 bjó Jón járnþúkur á Stað. Sá var mikilsháttar maður og hjá honum gisti Heinrekur Hólabiskup á ferð suður í Borgarfjörð það ár, áður en hann lagði á Holtavörðuheidi. Á Pálmessu (25. janúar) lagði biskupsleiðangurinn af stað og var „drífa og myrkur mikið“⁸. Fylgdi Jón gestum sínum úr hlaði og ríflega það því hann reið fyrir hópnum alla leið suður í Hvamm í Norðurárdal.

Í kaþólskum tíma var María mey höfuðdýrlingur Staðarkirkju. Aðrir dýrlingar kirkjunnar voru Pétur og Páll og allir heilagir⁹. Óvíst er hve gömul kirkjan er en í máldaga Auðuns rauða Þorbergssonar frá 1318 segir hann frá því hvernig það kom til að kirkjan eignaðist jörðina, að hluta. Þórunn Eyjólfsdóttir húsfreyja að Stað gaf heilagri Maríu hálf tölva Staðarland með þeim skilyrðum að: „sá sem að stað bygge. skyldi fæða arliga ä

⁵ *Sturlunga saga* I. Bls.324-328.

⁶ *Sturlunga saga* I. Bls. 324.

⁷ *Sturlunga saga* II. Bls. 48.

⁸ *Sturlunga saga* II. Bls. 144.

⁹ *DI II*. Bls. 483-484, 485, *DI III*. Bls. 165-166, 548-549.

paskadag. a joldag. allra heilagra messu oc. iiij. maiu messur. þría fataeka menn. huorn þessara æfínnliga. syngiast skyllði oc sælumessur. vij. firi sal hennar arliga halfann attu tug ara. fra andlate hennar. er ecki skyllða til standa lengur sælu messum að hallda“¹⁰. Klausan gefur til kynna að ekki hafi verið langt um liðið frá því þessi gjörningur var gerður. Sennilega hefur þessi gjörningur skipt sköpum um að Staður varð prestsetur (beneficum) og líklegt er að þetta hafi gerst öðru hvoru megin við aldamótin 1300. Sagt er í *Prestatali* að kirkja hafi verið á Stað frá fornu fari og fyrsti nafngreindi þekkti presturinn sem bjó þar var Hrafn prestur sem fékk kallið 1354¹¹.

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt frá mótmælum tröllanna í Tröllakirkju, sem reiddust svo ógurlega þegar messað var í fyrsta sinn í Staðarkirkju að þau reyndu að grýta kirkjuna. Þau hentu a.m.k. þremur grjótum. Einn steinninn lenti í hestarétt þar á staðnum, og er nú hestasteinn, annar lenti upp á Hrutafjarðarhálsi og sá þriðji er hinn svokallaði Reiðsteinn sem er á gömlum krossgötum í landi Fjarðarhorns, þar sem leiðir liggja yfir leirur og vaðla og upp Sölvamannagötur¹². Þjóðsagan er svona:

Á Stað í Hrutafirði er gömul hestarétt í útsuðurhluta vallarins. Í miðri tóptinni steindur steinn ein[n]; hann er svo sem hálf þriðja alin á hvern veg. En svo stendur á með stein þenna, að fyrsta sinn, sem messað var í kirkjunni á Stað, reiddust tröllin í Tröllakirkju, og köstuðu steini þessum, og ætluðu að brjóta með honum kirkjuna, en hann lenti í hestaréttinni og urðu undir honum fjórir hestar. Tröllakirkja er hæsti hluti snjófjalla þeirra, sem eru vestanvert við Holtavörðuheiði, og dregur hún nafnið af því, að hún var aðalaðsetur allra trölla í vesturfjöllum¹³.

Árið 1569 átti Staðarkirkja „halfa jord j Balkastadi l(andskyllð) x aurar. Fogrubrecku (i) eyði. x maln(ytu) kug(illdi).j giellðfiarhundrat og eirn hundradzhest. presttiund viij aurar og iiij alner“¹⁴.

¹⁰ *DI II*. Bls. 485.

¹¹ *Prestatal*. Bls. 215 er fyrstur nefndur Hrafn prestur á Stað sem fékk **kallið** 1354.

¹² *Georg Jón Jónsson, Kjörseyri*.

¹³ *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri I*. Bls. 217.

¹⁴ *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar..* Bls. 278.

Árið 1541 fæddist sveinbarn að Stað sem átti eftir að verða frægari en margir aðrir Íslendingar. Um það kvað séra Magnúsar Ólafssonar í Laufási: „Fæðing hlaut í firði veðra / framsveitis þar Staður heitir“. Þetta var Guðbrandur biskup Þorláksson¹⁵.

Séra Arnfinnur Sigurðsson sat Stað í 47 ár fyrri á hluta 17. aldar og sýndu útreikningar árið 1654 að kirkjutíundin þann tíma hefði verið 15 álnir í fastagjöld „og lausafjár týnder allar fyrir vjn och bakstur“¹⁶. hann skildi vel við staðinn og sagt að: „vthyse stadarenz standi øll kyrr, mes hurdum og ódrum þeirra vmmbuníng, býzgangz skrift edur kläpar sem kyrkiunne hafa filgt, og enn eru til filge kyrkiunne samt“¹⁷. Séra Arnfinnur hefur rækt skyldu sína vel því nokkrum árum áður eða árið 1646 brann fjósið og fjósheyið og hann missti nokkur naut¹⁸.

Núverandi kirkja að Stað er byggð 1884. Höfuðsmiður hennar var Stefán Stefánsson frá Hvítadal. Árið 1885 var prestsetrið lagt niður og Staðarsókn lögð til Prestbakka¹⁹ í Strandasýslu, en fremstu bæir í Hrútafirði höfðu verið sameinaðir undir Staðarsókn frá 1756²⁰. Prófastur Strandaprófastsdæmis fékk Stað til afnota árið 1904 og hélst sú skipan til 1920 er hann var aftur fluttur að Prestbakka²¹.

Jörðin Staður í Hrútafirði var metin á 50 hundruð að fornu mati árið 1861 en 29,9 að nýju mati²². „Jarðadýrleiki er óviss, því að þetta beneficium hefur, so vel sem öll önnur, ótíundað verið um aldur og æfi, það lengst menn hafa spurn af, eftir feðra og forfeðra tilsögn“²³, segja þeir Stígur Thorvarðsson og Hálfðan Helgason árið 1705. En hafa það þó eftir öðrum mönnum að jörðin hafi verið skattlögð fyrir 90 eða 100 hundruð nokkrum árum áður. Fjögur eða fimm kúgildi fylgdu heimastaðnum, sem staðarhaldarinn naut, sem hann ábyrgðist og sá um viðhald húsa. Búfénaður á Stað þetta ár voru: þrjá kýr og einn

¹⁵ *Annálar 1400-1800*. Fyrsta bindi. Bls. 163.

¹⁶ *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*. Bls. 250.

¹⁷ Sama heimild.

¹⁸ *Annálar 1400-1800*. Fyrsta bindi. Bls. 333.

¹⁹ *Prestatal*. Bls. 215.

²⁰ *Annálar 1400-1800*. Sjötta bindi. Bls. 105.

²¹ Þorsteinn Jóseppsson, Steindór Steindórsson. *Landið þitt Ísland* S-T. Bls. 163.

²² *Ný Jarðabók fyrir Íslands*,. Bls. 98.

²³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Bls. 9.

kálfur, níutíu ær, þrír tveggjavetra sauðir og tuttugu og fimm veturgamlir, tólf lömb, fimm hestar og tvö ótamin hross. Heimilisfast fólk var níu manns og þar af niðursetningur árið um kring. Ekki er getið um heyfeng eða beit á heimajörðinni en flóð í Hrútafjarðará og Síká spilltu oft Staðarengjum og ef vatnsbólið þraut á vetrum, sem stundum gerðist, var erfitt um vik að ná í vatn²⁴. Í sögum Sturlunga kemur aftur og aftur fyrir að menn tefjast á ferð um Hrútafjörð vegna flóða og leysinga þegar vaðlarnir verða ófærir og er ljóst af þeim frásögnum að láglendið (engin) við botn Hrútafjarðar hefur verið mikill farartálmi og of votlent til að menn leggðu á það til yfirferðar, a.m.k. reiðmenn²⁵.

Staður átti afrétt í vestanverðu Sléttafelli á móts við Gilsbakkakirkju að sunnan og Staðarbakkakirkju að austan og norðan²⁶. Svokallaður Bálkastaðaspotti var norðan landamerka til Brennkvíslar. Þar fyrir sunnan átti „Staðarkirkja fellið og hagann suðureftir so langt sem Síká fellur fyrir vestan; en deilur hafa hjer um verið milli Staðarbakka og Staðar presta“²⁷ segja Jarðabókaritarar. Og halda áfram: „það frambera menn til líkinda um Staðarkirkju rjett yfir högunum í vestanverðu Sljettafelli, að þar heiti ennnú í dag Staðarkvísl, og við þá kvíslina sjáist seltóftir, sem allir menn eignu Staðarkirkju“²⁸. Hlunnindi jarðarinnar fólust í: bjarglegri torfristu og – stungu, en engin var reiðingsristan, móscurður var einhver til eldiviðar „og hafa að fornu brúkast, til hvörs að torfgrafir eru vitni!“²⁹ eins og þar segir, sömuleiðis var hrísrif til eldiviðar tækt fyrir 1705 en þá töldu menn það „nú eytt vera“, lax- og silungsveiði hafi verið fyrr á tímum en hafði brugðist í nokkur ár og grastekja hafði eyðilagst er „Hekla brann síðast, og vænta menn þó, að sú guðs blessuan muni upp aftur vaxa“³⁰ segja þeir Stígur og Hálfðan 1705. Þeir segja einnig að kirkjan eigi reka fyrir ýmsum jörðum í Hrútafirði og annarsstaðar en geta ekki um hvar. Í Höskuldsstaðaañnál kemur fram að ein þeirra var Bessastaðir, en þar rak hval árið 1763 sem presturinn á Stað fékk fjórða part af³¹.

²⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bls. 10.

²⁵ Sturlunga saga II. Bls. 42, 43, 46, 284.

²⁶ Sama heimild.

²⁷ Sama heimild.

²⁸ Sama heimild.

²⁹ Sama heimild.

³⁰ Sama heimild.

³¹ Annálar 1400-1800. Fjórða bindi. Bls. 515.

Í Jarðabókinni frá 1705 eru nefndar tvær hjáleigur frá Stað. Önnur var Flatarkot sem var nýbyggð upp þá. Ekki komust menn að því hver leigan var það árið en áður hafði hún verið 60 álnir og „betöluðust í smjöri heim til staðarhaldarans, so lengi sem byggíngin viðhjelst á hjá leigunni, í tíð sál. Sr. Einars og síðan þegar bygt hefur verið“³², en staðarhaldarinn sá leiguliða sínum um trjávið til húsaviðgerða. Hin hjáleigan var Skotingeifla „bygð úr Staðar fjárhúsum í manna minni; þar hafði áður forn hjáleiga verið en legið í auðn um lánga stund, þegar sál. Sr. Einar bygði það úr eyði. Nú hefur það í næstu 8 eður 10 ár í auðn legið“³³. Leigan sem var 50 álnir var einnig goldin í smjöri, heim til staðarhaldarans.

Árið 1847 er Staður metin á 50 hundruð, kúgildin voru 5, 5 og þar bjuggu prestur og einn leiguliði³⁴.

Staður var löngum áfangastaður ferðalanga um Holtavörðuheiði og viðkomustaður landpóstanna. Árið 1878 var Staður í Hrutafirði fyrst tekinn í pósthæðaaætlun, í stað Mela³⁵. Þar mættust um 50 ára skeið póstarnir frá Akureyri og Reykjavík³⁶. Er bílferðir hófust og vöruflutningar jukust um heiðina var sett þar upp þjónustumiðstöð fyrir ferðalanga, sem enn starfar og Staðarskáli sem svo er kallaður er nú þekktasti viðkomustaður fólks á ferð norður, suður, vestur og austur, á landinu.

Mörg dæmi er um gestakomur að Stað og svaðilfarir gesta. Flestir voru auðfúsgestir, en þó gat verið undantekning á því. Svo var um miðja 15. öld er vermenn voru á ferð og fengu gistingu að Stað. Þetta var á tímum hins norska Gottskálks Kenekssonar biskup á Hólum einhvern tíma á tímabilinu 1442 til 1457. Hópur Hólamanna var á leið suður á land til sjóróðra. Þetta voru ódælir menn, „illgjarnir og oflátar miklir“³⁷. Með þeim í för var Jón Teitsson bóndasonur frá Hafgrímsstöðum, sem var litlu betri en sagði frá. Þeir

³² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bls. 11.

³³ Sama heimild.

³⁴ J. Johnsen. *Jarðatal á Ísland*. Bls. 222.

³⁵ *Söguþættir landpóstanna*. II. Bls. 376.

³⁶ *Söguþættir landpóstanna*. II. Bls. 357.

³⁷ *Íslendinga sögur* II. Bls. 140.

gistu að Stað í Hrútafirði. „Þar var þeim feingin kirkjan að sofa í og ...frömdu ýmsar svívirðingar og árnuðu allir þeim ílls. Morguninn eftir var dimt og drífa mikil. og var þeim sagt, að Holtavörðuheíði væri ófær og höfðu nokkrir vermenn þar úr fjörðunum áður farið vestur Haukadalsskarð og Bröttubrekku til Borgarfjarðar, en þó bjuggust þeir af stað“³⁸. Þeir fórust allir fram af snjóhengju á fjallinu þar sem Bani heitir.

³⁸ *Íslendinga sögur* II. Bls. 141.

Fornleifaskrá

Staður 144048 –5- 1

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 403166,149 Y: 518382,384

Lengd: 13 m


Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Eiríkur Gíslason



Staðhættir

Stekkjartóft er staðsett í smá hvammi í gili á nyrðri lækjarbakka um 100 m austur af Hrútafjarðará.

1.mynd. Stekkjartóft í landi Staðar.

Lýsing

Tóftin er vel greinileg, algróin grasi og sker sig töluvert úr umhverfi þar sem gras á henni er töluvert grænna heldur en umhverfis hana. Mesta breidd veggja er um 1 m og hæð frá gólfi er mest um 120 sm. Ummál hennar er um 6x13 m. Hún liggur nálega a/v og er hlið til vesturs. Og þar við hliðina er lambakró með útgangi til suðurs og hugsanlega öðrum til vesturs.

Staður 144048 –5- 2

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Mógröf

Staðsetning: X: 403375 Y: 518590

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Mógrafarsvæði er um 30 m vestan við Þjóðveg um 670 m í norður frá Staðarskála.

Lýsing

Greinilegar leifar mógrafa á svæði um 30 x 20 m að stærð.

Staður 144048 –5- 3

Hlutverk: Heystæði

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402196,117 Y517578,369

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Lítill tóft er sunnanvert í jaðri túns sem er í eigu Staðar vestan Hrútafjarðarár. Vestan hennar eru litlir grónir hólur sem líklega eru myndaðir úr grjóti sem safnað var saman í hauga þegar verið var að rækta tún á þessum stað.

Lýsing

Um er að ræða óverulegar leifar smátóftar, líklega heytóftar. Tóftin er um 5 x 5 m að ummáli, nánast hringlaga og standa eftir lágir útveggir, um 10 sm á hæð en ekki er hægt að greina vegginn inn í henni. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni.

Staður 144048 –5- 4

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðsetning: X: 403233,540 Y518424,460

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir
Heimildamaður: Eiríkur Gíslason

Staðhættir

Vestan við Þjóðveg 1, norðan Staðarskála, í námunda við símstöðvarhús lágu gömlu göturnar samkvæmt því sem heimildamaður Eiríkur Gíslason hafði heyrt. Göturnar lágu niður að sjó og meðfram honum út eftir firði. Þær sjást ágætlega á loftmynd en eftir þeim liggur nú seinni tíma vegslóði.

Lýsing

Í dag liggur vegslóði framhjá símstöðvarhúsinu og niður að fjörunni, hugsanlega eftir gömlu götunum og var tekinn punktur þar sem að veglínan sker vegslóða þennan.

Fjarðarhorn 142188 –108

Saga jarðarinnar og fornleifar

Í fyrri hluta þessa kafla verður stiklað á sögu jarðarinnar í stórum dráttum, en í seinni hlutanum er hin eiginlega fornleifaskrá. Í fyrri hluta kaflans er heimilda getið neðanmáls undir tilvísunarnúmeri sem vísar á heimildaskrá aftast í skýrslunni. Í seinni hluta kaflans, í hinni eiginlegu fornleifaskrá, er heimilda getið við hverja fornleif og vísað til heimilda innan sviga með skammstöfunum þar sem þarf í textanum, en hver skráning á að geta staðið ein og út af fyrir sig með sínum heimildum.

Saga

Býlið Fjarðarhorn er á sléttum bala við botn Hrútafjarðar og var í landnámi Bálda Blængssonar sem nam Hrútafjörð allan og bjó að „Báldastöðum hvárumtveggjum, en síðast á Bæ ok dó þar“³⁹.

Árið 1244 bjó bóndi að nafni Loðinn að Fjarðarhorni og var sá stuðningsmaður Sturlunga og því ekki alveg samstíga með nágranna sínum Brandi Kolbeinssyni á Stað sem fylgdi Ásbirningum. Sturlungurinn Tumi Sighvatsson gisti hjá Loðni á leið suður frá Hólum árið 1244 og á eftir honum komu liðsmenn hans sem komust við illan leik yfir vaðlana⁴⁰ sem menn riðu á til að stytta sér leið. Sama ár fékk Loðinn aðra heimsókn og verri, sem voru Brandur nágranni hans á Stað og Kolbeinn ungi Arnórsson Ásbirningur, sem var í hefndarhug vegna Örlygsstaðabardaga. Þeim tókst að ginna Loðinn úr bænhúsi, eins og þar stendur⁴¹ og fóthöggva hann. Ekki hafa nágrannakærleikar lagast við það. En þarna er vísbending um bænhús sem annaðhvort hefur staðið að Fjarðarhorni, eða að Loðinn hafi sótt bænhús að Stað. Um það er lítið hægt að fullyrða.

³⁹ *Íslendinga sögur*. Fyrsta bindi. Bls. 119.

⁴⁰ *Sturlunga saga* II. Bls. 41, 43.

⁴¹ *Sturlunga saga* II. Bls. 48.

Fjarðarhorn hlýtur að hafa talist þokkalegt býli er Loðinn bjó þar, en er jarðamat var gert 1709 var hún sögð átta hundruð að fornu mati, en komin í 24 hundruð það ár, og fór í 21,1 með nýju mati árið 1861⁴². Fjarðarhorn var lénsjörð prests þess er þjónaði Hrótafjarðarþingum. Engar kvaðir voru á jörðinni og leigan var greidd með smjöri⁴³. Fjarðarhorn var lagt til Staðarkirkju í Hrótafirði árið 1756 er bændur að Fjarðarhorni, Fögrubrekku, Melum og Valdsteinsstöðum fengu boð um að sækja kirkju yfir sýslu- og fjórðungamörk að Stað og tveimur árum seinna var sett á þá prests- og kirkjutíund sem þeir áttu að gjalda þangað⁴⁴.

Árið 1709 voru taldir tveir ábúendur á jörðinni, Guðrún Þorvaldsdóttir og Magnús Tómasson. Hjá Guðrúnu voru fjórir til heimilis og einn að hálfu á móti Magnúsi en hjá honum voru tveir heimilisfastir auk þessa hálfa. Auk Guðrúnar og Magnúsar var þar húskona sem Solveig hét og var Magnúsdóttir, sem greiddi 30 álnir í húsaleigu og alla aðstoð sem hún fékk til beggja ábúenda. Guðrún átti eina kú, eina kvígu, þrjátíu og tvær ær, ellefu sauði, átta gemlinga, tvo hesta tamda og eitt ótamið hross. Magnús átti tvær kýr, þrjátíu og fjórar ær, sex sauði, níu gemlinga, tvö tamin hross og eitt ótamið. Solveig átti tólf ær, tvo sauði, tvo gemlinga og einn taminn hest. Hún naut „hagans þar heima fyrir kvikfjenað sinn, en fær annarsstaðar slægjur“⁴⁵.

Fjarðarhorn var lítil hlunnindajörð og eldiviðartak var ekkert, annað en sauðatað. Hægt var árið 1709 að rífa hrís til beitar, lítilsháttar reki gat verið og „heimræði hefur áður gott verið þegar fiskur gengur, en þarf að sæta sjófarföllum vegna útgrynnis. Nú um nokkur ár fiskast ekkert, því fiskur hefur ei gengið inn á fjörðinn, nema utarlega á firðinum tekur smámsaman að vaxa fiskgengd ... Engjatak er á dreif, margt langt burt og erfitt að sækja. Hagar eru að sönnu víðlendir, en leggur undir á vetradag og eru á sumar óhentugir til að ná, so jafnan er keypt beit frá Stað fyrir xx [20] álna beitartoll. Vetrarhart stundum. Hætt fyrir fjenað af dýjum, síkjum, lækjum og foröðum bæði neðra og efra. Túnið hefur

⁴² Ný Jarðabók fyrir Íslands. Bls. 86.

⁴³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bls. 452.

⁴⁴ Annálar 1400-1800. Sjötta bindi. Bls. 105.

⁴⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bls. 453.

fordjarfast og liggur undir skemmdum af skriðu úr gilinu. Engjar eru jafnaðarlega að spillast af vatnsaga. Kirkju- og þíngvegur óbærilega lángur“⁴⁶.

Árið 1847 var dýrleiki jarðarinnar átta hundruð, kúgildin voru tvö og hálf og tveir ábúendur⁴⁷. J. Johnsen tekur fram í jarðatali sínu það ár að kirkjurnar að Prestbakka og Stað eigi hvor um sig einn tólfta part af hvölum „sem hlaupa á land“⁴⁸. Árið 1858 fékk Þjóðverjinn Konrad Maurer og ferðafélagar hans viðgjörning að Fjarðarhorni og sóttu ekki vel að: „Stofan var reykmettuð og full af fólki, við sjálfir votir og bóndinn að vísu ekki óvinsamlegur, en veikburða. Við vorum því fegnir að komast brott eftir kaffið“⁴⁹.

Mikill framfarahugur var í bændum á Fjarðarhorni á fyrri hluta 20. aldar. Árið 1914 var steinsteypt tvílyft íbúðarhús byggt að Fjarðarhorni, þar sem bærinn stóð áður⁵⁰. Gamli bærinn og steypa húsið stóðu við austurkant elsta vegarins á þessu svæði, sem lá um bæjarhlaðið, en þegar vegurinn var færður fyrir nokkrum áratugum var honum fundinn staður austan við gamla bæjarstæðið. Steinsteypta húsið og leifar bæjarins eru nú horfin. Bæjarhúsin voru flutt um set og ný hús voru byggð 1,5 km. sunnar en gömlu húsin stóðu, á árabílinu 1965-1970, suður á svokölluðum Hólmum. Um 1920 byggðu Fjarðarhornsbændur rafstöð í bæjarlæknum (Fjarðarhornslæk), og var framleitt rafmagn til ljósa og eldunar.

Fyrrum lá alfaraleið um bæjarhlaðið á Fjarðarhorni. Þar fóru um ferðalangar sem stefndu norður Strandir, eða um leirur og vaðla í fjarðarbotninum, ef stefnan var tekin norður og austur um. Leiðin um vaðlana lá milli Reiðsteins sem er allstórt bjarg í fjörunni að vestanverðu, austan við Leirurnar, í landi Fjarðarhorns og austur yfir að Brandagili að vestan. Frá Reiðsteini og upp á Laxárdalsheiði liggja svokallaðar Sölvamannagötur og bendir nafnið til ferða Norðlendinga vestur í Saurbæ að ná í söl, en þar voru bestu sölvafjörur landsins og nokkrar kirkjur áttu ítök í þeim. Þeirra á meðal var

⁴⁶ Sama heimild.

⁴⁷ J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*. Bls. 217.

⁴⁸ Sama heimild.

⁴⁹ Konrad Maurer. Bls. 210.

⁵⁰ Georg Jón Jónsson Kjörseyri.

Hóladómkirkja⁵¹. Reiðsteinn er einn þriggja steina sem tröllin í Tröllakirkju hentu að kirkjunni á Stað er fyrst í fyrndinni var messað þar, eins og sagan segir. Annar er hestasteinninn á Stað og sá þriðji er austur á Hrútafjarðarhálsi⁵². Sölvamannagötur eru enn sjáanlegar niður við sjó og aftur uppi Laxárdalsheiðinni. Þær lágu upp úr Laxárdalnum framanverðum og yfir í Svínadal og þaðan yfir í Saurbæ⁵³. Göturnar hafa verið vel lagðar eftir þurrlandi, sem víða er ekki auðfundin á þessum slóðum, og þær eru þurrar og fínar og upphlaðnar víða í keldum⁵⁴. Sagan um grjótkast tröllanna í Tröllakirkju er í þjóðsögum Jóns Árnasonar. Þar er sagt frá steininum í hestaréttinni á Stað, en ekki er getið um Reiðstein eða steininn sem lenti á Hrútafjarðarhálsi. Sagan er þannig:

Á Stað í Hrútafirði er gömul hestarétt í útsuðurhluta vallarins. Í miðri tóptinni steindur steinn ein[n]; hann er svo sem hálf þriðja alin á hvern veg. En svo stendur á með stein þenna, að fyrsta sinn, sem messað var í kirkjunni á Stað, reiddust tröllin í Tröllakirkju, og köstuðu steini þessum, og ætluðu að brjóta með honum kirkjuna, en hann lenti í hestaréttinni og urðu undir honum fjórir hestar. Tröllakirkja er hæsti hluti snjófjalla þeirra, sem eru vestanvert við Holtavörðuheiði, og dregur hún nafnið af því, að hún var aðalaðsetur allra trölla í vesturfjöllum⁵⁵.

Konrad Maurer, sem fyrr er sagt frá, fékk fylgd Kristjáns bónda í Fjarðarhorni vestur um Sölvamannagötur árið 1858. Fyrst fóru þeir fram hjá fallegum fossi en „leiðin var erfið. Mýrar og klungur skiptust á og töfðu okkur ... Þetta var eyðilegt umhverfi. Á vinstri hönd var fjallahryggurinn Tröllakirkja og nokkru vestar Geldingafell. Á hægri hönd var Laxárdalsheiðin en að henni er önnur leið úr Hrútafirði yfir í Laxárdal. Kringum okkur var ekkert nema grjót og urð þó inn á milli væri gróið á stöku stað. Nálægt vatnaskilum komum við að mannbústað, selinu Kvíslaseli“⁵⁶. Þótt Sölvamannagötur væru þokkalega vel lagðar og þræddu þurrlandi var landið sem þær lágu um víðsjárvert og dæmi eru um mannskaða, eins og er Björn Magnússon lá úti einhvers staðar á Sölvamannagötum í 5

⁵¹ Þorsteinn Jóseppson, Steindór Steindórsson. *Landið þitt Ísland* S-T. Bls. 249.

⁵² Georg Jón Jónsson Kjörseyri.

⁵³ Sama heimild.

⁵⁴ Sama heimild.

⁵⁵ *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri I*. Bls. 217.

⁵⁶ Konrad Maurer. Bls. 211.

dægur árið 1773⁵⁷. Hann komst af sjálfsdádum heim að Fjarðarhorni, en dó þar af volkinu tveimur vikum seinna. Löngu fyrr, eða um miðja 15. öld, urðu menn úti á leið austur um Sölvamannagötur og var svo mikill gaddurinn að „tveir menn dauðir, freðnir í söðlunum“⁵⁸ riðu hjá garði á Fjarðarhorni og voru ekki stöðvaðir fyrr en á Stað.

⁵⁷ *Annálar 1400-1800*. Sjötta bindi. Bls. 180.

⁵⁸ *Annálar 1400-1800*. Fjórða bindi. Bls. 68.

Fornleifaskrá



2. mynd. Gamli bæjarhóllinn á Fjarðarhorni fyrir miðri mynd. Horft í suður.
Ljósmynd: GZ.

Fjarðarhorn 142188 –108- 1

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bústaður

Staðsetning: X: 401829,170 Y: 519299,270

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamenn: Rósa Jósefsdóttir, Fjarðarhorni, Georg Jón Jónsson Kjörseyri.

Staðhættir

Um 20 m vestan við þjóðveg þann sem liggur út Hrútafjarðarströnd vestan Fjarðarhorns um 1,5 km í norðvestur frá núverandi íbúðarhúsi er gamla bæjarstæði Fjarðarhorns. Gamli þjóðvegurinn liggur eilítið vestan við og samsíða núverandi þjóðvegi á um 1 km kafla norðvestan núverandi íbúðarhúss á Fjarðarhorni. Gamli bæjarhóllinn liggur fast austan gamla þjóðvegarins og vera kann að vegurinn liggi að hluta til yfir bæjarstæðið.

Lýsing

Árið 1914 var steinsteypt tvílyft íbúðarhús byggt að Fjarðarhorni, og segir heimildamaður (Georg Jón Jónsson) að eldri bær hafi staðið þar á sama stað. Steinsteypta húsið og eldri bæjarleifar eru nú horfin. Bæjarhúsin voru flutt um set og ný hús byggð 1,5 km. sunnar en gömlu húsin stóðu, á árabílinu 1965-1970, suður á svokölluðum Hólmum.

Á gamla bæjarstæðinu er nú aðeins slétt flöt, gróin vallhumli og njóla, en hvergi sér merki gömlu bæjarhúsanna sem hafa verið sléttuð. Vegna gróðurs var ekki hægt að greina neinar ójöfnur á yfirborði en þó er þarna greinileg hólmyndun sem vísast er gamli bæjarhóllinn. Þar kunna því að leynast miklar minjar þó að tóftir hafi verið sléttaðar á yfirborði. Í afgirtu túni ofan við gamla þjóðveginn eru nokkrar tóftir og mun þar vera gamla bæjartúnið. Vera kann að bærinn hafi fyrrum staðið ofar í hlíðinni en ekki fundust neinar heimildir þar um.

Fjarðarhorn 142188 –108- 2

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401851,410 Y: 519179,380

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Rósa Jósefsdóttir

Staðhættir

Norðan við bæjarlækinn var tóft samkvæmt Rósu Jósefsdóttur ábúanda á Fjarðarhorni.

Lýsing

Rutt hefur verið til bókkum bæjarlækjarins en þar mun lítil tóft hafa staðið samkvæmt heimildamanni. Ekkert er eftir af tóftinni nema ef vera skyldu nokkrir steinar á norðurbakka bæjarlækjarins, hlutverk hennar er óþekkt.

Fjarðarhorn 142188 –108-3

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Mógröf

Staðsetning: X: 401892 Y:577992

Lengd: 30 m

Breidd: 15 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Rétt austan við þjóðveg þann sem liggur vestan Fjarðarhorns er mógrafarsvæði, um hálfan kílómetra suður frá íbúðarhúsi á Fjarðarhorni.

Lýsing

Austan þjóðvegur er svæði um 15 x 30 m að utanmáli þar sem lítur út fyrir að mór eða svörður hafi verið tekinn.



3. mynd. Heystæði í landi Fjarðarhorns, horft er til suðvesturs.

Ljósmynd: BZ.

Fjarðarhorn 142188 –108- 4

Hlutverk: Heystæði

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402098,276 Y: 517273,936

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Um 100 m austan þjóðvegur þess sem liggur vestan við Fjarðarhorn eru leifar heystæðis.

Lýsing

Ekki er um greinilega tóft að ræða heldur er þýft, upphækkað og fremur grænt svæði í annars sléttu landslagi og virðist sem þarna hafi verið heystæði. Engin greinileg veggjalög er að sjá en þúfnakrans er umhverfis upphækkunina sem kann að benda til einhverrar vegghleðslu.

Aðrar minjar

Brandagil 144019-6-1

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 403565,750 Y: 519333,410

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Þorkell Zakaríasson

Staðhættir

Suður af heimreiðinni að Brandagili og um 40 m austur af Þjóðvegi 1 er hóll innan túngirðingar og á honum hringlaga garður og hugsanlega einhverjar tóftarleifar.

Lýsing

Í samtali við Þorkel Zakaríasson eiganda Brandagils sagðist hann ekki þekkja nafn eða hlutverk tóftanna en í Örnefnaskrá Brandagils er talað um Gerði sem hól neðst í túni og getur það passað við lýsinguna. Þar sem að ekki er um að ræða nýbyggingu vegar er líklegt er að fornleifarnar séu utan við framkvæmdarsvæðið en vegna nálægðar við það þarf að sýna þar sérstaka aðgát.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Brandagils í Staðarhreppi. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Samantekt

Við fornleifakönnunina var stuðst við gögn frá Vegagerðinni, loftmyndir og hnit á veglínunum. Engin námusvæði eða önnur afmörkuð vinnusvæði voru sýnd á þeim uppdráttum sem skrásetjarar höfðu aðgang að.

Ef einhverjar síðari breytingar verða á veglínunum verður að endurmeta þær niðurstöður sem hér birtast. Við vettvangsathugun voru allar veglínur sem um er að ræða gengnar og skráðar allar minjar í veglínu eða í nálægð við framkvæmdasvæðið og sýna þarf sérstaka aðgát. Þess ber að geta að á þessum árstíma er gróður í hámarki og stór hluti rannsóknasvæðisins hulinnt þéttum og háum gróðri og því erfitt að koma auga á minjar. Það á sérstaklega við um gamla túnið og bæjarstæði Fjarðarhorns, engin og áreyrarnar þar austur af. Ábúendur á Fjarðarhorni og Eiríkur Gíslason á Staðarflöt töldu þó að ekkert væri um minjar á áreyrunum sökum þess að áin flæðir gjarnan yfir bakka sína að vetrarlagi og liggur þá vatn yfir öllu svæðinu.

Í heild voru 7 veglínur gengnar: AA, AB, BA, BB, BC og BE og auk þess ein veglína sem liggur frá og að hluta til samsíða veglínu BB. Einnig voru gengnar tvær stuttar veglínur sem tengja AA og AB við núverandi þjóðveg 1.

Alls fundust 9 minjar við skráninguna. Þar af voru 4 í landi Staðar og 4 í landi Fjarðarhorns og eitt minjasvæði er í landi Brandagils sem sérstaklega er fjallað um hér á eftir. Á 3. mynd má sjá þær veglínur sem um ræðir ásamt þeim minjum sem fundust og í töflu 1 eru sýndar veglínurnar og þær fornleifar sem skráðar voru. Litir í töflu vísa til litar á veglínunum á meðfylgjandi yfirlitskort.

1. tafla. Veglínur og fornleifar við þær.

Veglína	Fornleifar	Fjarlægð frá miðlínu vegar
AA	Heystæði (144048–5-3)	Í veglínu
AA	Heystæði (142188 –108-4)	Í veglínu

AA	Gamlar reiðgötur (144048 –5- 4)	Í veglínu
AA	Gerði (144019-6-1)	40 m frá núverandi vegi
AB	Stekkur (144048–5-1)	13 m
AB	Mógrafarsvæði (144048–5-2)	30 m
AB	Gamlar reiðgötur (144048–5- 4)	Í veglínu
AB	Heystæði (142188 –108-4)	Í veglínu
AB	Heystæði (142188 –108-4)	Í veglínu
AB	Gerði (144019-6-1)	40 m frá núverandi vegi
BB	Engar minjar fundust	
BA	Bæjarhóll á Fjarðarhorni (142188–108-1)	Í veglínu
BA	Tóft (142188–108-2)	Í veglínu
BE	Mógrafarsvæði (142188–108-3)	18 m
BE	Heystæði (144048–5-3)	Í veglínu
BC	Bæjarhóll á Fjarðarhorni (142188–108-1)	25 m frá núverandi vegi
BC	Tóft (142188–108-2)	30 m frá núverandi vegi

Af þeim níu minjum sem skráðar voru eru sex í eða mjög nærri mögulegum veglínum. Þar af eru tvö heystæði, annað í landi Staðar hitt í landi Fjarðarhorns, gamla bæjarstæði Fjarðarhorns og tóftarleifar sunnan þess (sjá meðfylgjandi kort gamla bæjarstæðisins í Fjarðarhorni). Einnig mun veglína koma til með að skera gamlar götur sem lágu út fjörðinn að austan (sjá yfirlitskort yfir veglínur og fornleifar). Stekkur í landi Staðar mun líklega koma til með að lenda undir vegfláa (sjá kort af stekk og veglínu AB). Aðrar minjar eru allar innan við 50 m frá miðlínu vegar og þar af eru eitt mógrafarsvæði innan 20 m frá vegi, í landi Fjarðarhorns (sjá yfirlitskort yfir veglínur og fornleifar).

Leið BA liggur í gegnum gamla bæjarstæðið á Fjarðarhorni. Þar hafa tóftir og seinni tíma steinhús verið sléttuð en erfitt var að gera sér grein fyrir mögulegum útlínum minja sökum gróðurs. Þarna er gamli bæjarhóll Fjarðarhorns og má því búast við miklum minjum neðanjarðar þótt sléttað hafi verið úr minjum á yfirborði.

Töluvert er af tóftum í afgirtu túni í brekkunni ofan við gamla þjóðveginn norðan við Fjarðarhornsbæ um 70-100 m upp af núverandi vegi. Þar er um að ræða gamla tún Fjarðarhornsbæjar eins og hann var fram til um 1970. Einnig kunna eldri húsaleifar að vera í þessu túni en erfitt var að gera sér grein fyrir minjum sökum gróðurs. Samkvæmt gögnum þeim er fengust hjá Vegagerðinni munu framkvæmdir ekki ná til þessa svæðis og því voru fornleifar þar ekki skráðar. Svæðið er þó afmarkað á loftmynd sem fylgir skýrslunni og staðsetningar sýndar á meðfylgjandi yfirlitsmynd.

Um 30 m suður af bæjarstæðinu, austan við gamla veginn er grunnur fjóss sem byggt er í minni núverandi ábúenda á Fjarðarhorni og telst það ekki til fornleifa. Þar sunnan við, hjá bæjarlæknum sem rennur nú eftir nýjum farvegi eru leifar tóftar en hún hefur að mestu horfið við seinni tíma framkvæmdir og einungis nokkrir steinar eftir sem gefa til kynna hvar hún hefur verið. Þeirri tóft verður því vart raskað frekar en orðið er.

Verði línu BA valinn staður eins og sýnt er á korti frá Vegagerðinni milli gamla og nýja þjóðvegarins norðar Fjarðarhorns er ljóst að gera verður fornleifakönnun á gamla bæjarstæðinu.

Leiðir BC og BB munu liggja eftir núverandi vegi og kann sú vegagerð að hafa raskað einhverju af gamla bæjarstæðinu eða umhverfi þess. Um 10 - 15 m breitt svæði sem þegar er búið að raska er milli núverandi vegar og svæðisins þar sem gamla bæjarstæðið liggur. Framkvæmdir munu því vart hafa áhrif á minjar en þó þyrfti að merkja vel bæjarstæðið þannig að frekara rask eigi sér ekki stað.

Leið AA og AB. Tvö heystæði eru í mögulegum veglínunum. Í landi Fjarðarhorns (þar sem veglínur AA/AB liggja saman) eru leifar upphækkunar og þúfnakrans sem líklegast eru leifar af heytóft (á meðfylgjandi korti er tóftin sýnd með rauðbrúnum útlínunum og veglína AA/AB sem rauðir punktar). Sú tóft mun koma til með að hverfa að óbreyttu undir veglínu.

Annað heystæði er um 25 m vestan við þar sem þessar veglínur koma saman sunnan Fjarðarhornsbæjar og er því nokkuð nærri báðum línunum. Þetta heystæði er í veglínu BE, sjá hér að neðan.

Báðar leiðirnar skera gamlar reiðgötur sem lágu út með firðinum. Nú er þarna vegslóði niður að Hrútafjarðará. Því þarf vart að gera neinar sérstakar ráðstafanir vegna þessa vegslóða en hann er skráður hér sem heimild um gamla leið.

Leið BE. Í landi Staðar (veglína BE) heytóft sem liggur í túni og hefur því verið sléttað úr henni og hún er nú nokkuð ógreinileg (á meðfylgjandi korti er tóftin sýnd með rauðbrúnum útlínunum, veglína BE sýnd sem gulir krossar og línur AB/ÁM sem rauðir punktar. Sú tóft mun koma til með að hverfa að óbreyttu undir veglínu.

Við sömu veglínu þar sem hún liggur um núverandi þjóðveg er mógrafasvæði. Svæðið er um 10-15 m austur af núverandi austurbrún vegar.

Leið AB. Stekkur í landi Staðar er innan við 20 m frá miðri veglínu AB (á meðfylgjandi korti eru útlínur stekkjar sýndar gular en rauðir punktar eru miðja veglínu AB). Stekkurinn stendur vel en er algróinn og sést hvergi í hleðslur. Heimildamaður kannaðist við stekkin en kunni ekki á honum nafn og hans er ekki getið í örnefnaskrá. Stekkurinn kann því að vera nokkuð gamall.

Stekkurinn er í brekku neðan við væntanlegan veg og ekki er ólíklegt er að hann lendi í fláanum niður frá veginum. Ef ekki er hægt að hnika til veglínu er fornleifakönnun á staðnum æskileg til að greina aldur stekkjarins og hvort þar er mögulega um aðrar minjar að ræða.

Um 30 m austan við þessa veglínu er einnig að finna mógrafasvæði. Óvíst er um aldur á þessum mógröfum en heimildamaður þekkti ekki til þeirra.

Einnig voru athugaðar þeir hlutar veglínanna þar sem að ætlunin er að leggja veginn á sama stað og núverandi þjóðveg, þ.e. þjóðvegurinn þar sem hann liggur til norðurs frá Staðarskála og vegurinn þar sem hann liggur upp á Holtavörðuheði. Engar minjar fundust þar sem eru í beinni hættu af vegagerð en suður af heimreiðinni að Brandagili er hóll og á honum hringlaga garður og hugsanlega einhverjar tóftarleifar. Hóllinn er um 40 m austur og upp frá núverandi malbikuðum þjóðvegi sem fyrirhugað er að breikka (Leið AA). Í samtali við Þorkel Zakaríasson eiganda Brandagils sagðist hann ekki þekkja nafn eða hlutverk tóftanna en í Örnefnaskrá er talað um Gerði sem hól neðst í túni og getur það passað við lýsinguna.

Þar sem einungis er um að ræða breikkun núverandi vegar er líklegt að fornleifarnar séu utan við framkvæmdarsvæðið en vegna nálægðar við það þarf að sýna þar sérstaka aðgát.

Gæta ber að því að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins. Fornleifavernd úrskurðar einnig um hvaða ráðstafana skal gripið til vegna minja sem kunna að raskast vegna framkvæmdanna.

Heimildaskrá

Annálar 1400-1800. Fjórða bindi. Reykjavík 1940-1948.

Annálar 1400-1800. Sjötta bindi. Reykjavík 1987.

Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Staðar í Hrútafirði. Eiríkur og Magnús Gíslasynir skráðu. Örnefnastofnun Íslands.

Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar. Heimildaútgáfa Þjóskjalasafns I. Reykjavík 1979.

Eiríkur Gíslason, Staðarflöt. Munnleg heimild 8., 9. og 13. september 2005.

Georg Jón Jónsson Kjörseyri. Síma viðtal við Sigríði Sigurðardóttur þann 12. september 2005.

Íslendinga sögur. Fyrsta bindi. Landssaga og landnám. Reykjavík 1946.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1855-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn 1847.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Sjöunda bindi. Kaupmannahöfn 1940.

Konrad Maurer. *Íslandsferð 1858*. Reykjavík 1997.

Ný Jarðabók fyrir Íslands, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn óársett.

Rósa Jósefsdóttir, Fjarðarhorni. Munnleg heimild 8. og 9. september 2005.

Sigurður Geirsson, Fjarðarhorni. Munnleg heimild 8. september 2005.

Sturlunga saga I. Reykjavík 1946.

Sturlunga saga II. Reykjavík 1946.

Þorkell Zakaríasson, Brandagili. Símvíðtal við Bryndísi Zoëga þann 13. september 2005.


Þorsteinn Jósepsson, Steindór Steindórsson. *Landið þitt Ísland S-T.4.* bindi. Reykjavík 1983.

Örnefnaskrá Brandagils í Staðarhreppi. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.


Viðauki 1 – Hnitaskrá

Heiti	Númer í skýrslu	E	N
Gamli bærinn Fjarðarhorni	Fjarðarhorn 142188 –108- 1	401829,170	519299,270
Tóft sem búið er að raska	Fjarðarhorn 142188 –108- 2	401851,410	519179,380
Stekkur	Staður 144048 –5- 1	403166,149	518382,384
Heystæði	Staður 144048 –5- 3	402196,117	517578,369
Heystæði	Fjarðarhorn 142188 –108- 4	402098,276	517273,936
Mógrafasvæði (Stað)	Staður 144048 –5- 2	401892,000	517992,000
Mógrafasvæði (Fjarðarhorni)	Fjarðarhorn 142188 –108- 3	403375,000	518590,000
Gerðishóll	Brandagil 144019-6-1	403565,750	519333,410
Gömlu göturnar	Staður 144048 –5- 4	403233,540	518424,460

Fornleifar í og við veglínur



N



0

0.5

1 km

	Innan við 50 m frá miðinu vegar		Leið BB		Leið AB
	Í eða við miðinu vegar		Leið BA		Leið AA
	Leið BC		Leið BE		


Gamla bæjarstæðið í Fjarðarhorni



0.1 0 0.1 0.2 km



- ▲ Í eða við miðlínu vegar
- Leið BC
- Leið BB
- Leið BA
- Minjasvæði innan gamla túnsins í Fjarðarhorni



Stekkur (144048-5-1) í Staðarlandi


Iceland
ISNET93
ITRF



Scale 1:1.250
0 0,040
Kilometers

combined.ssf
16.9.2005

GPS Pathfinder® Office
 **Trimble**



Heytóft (144048-5-3) í Staðarlandi


Iceland
ISNET93
ITRF



Scale 1:1.250
0 0,040
Kilometers

combined.ssf
16.9.2005

GPS Pathfinder[®] Office
 Trimble



Heytóft (142188-108-4) í landi Fjarðarhorns

Iceland
ISNET93
ITRF




Scale 1:1.250
0 0,040
Kilometers

combined.ssf
16.9.2005

GPS Pathfinder[®] Office
 Trimble[™]

Minjar í landi Brandagils



0 0.05 0.1 0.15 0.2 km



- Innan við 50 m frá miðlínu vegar
- Leið AA
- Leið AB
- Minjasvæði innan túns á Brandagili

Rannsóknaskýrslur

Byggðasafns Skagfirðinga:

- 1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyringsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
- 2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 3 **Hólar í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 4 **Steinsstaðir í Tungusveit** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
- 5 **Grafarós og Hofsós** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
- 6 **Víðimelur í Skagafirði** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
- 7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna fristundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
- 8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Músstaða og Hjallalands í Vatnsdal**. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
- 9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
- 10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
- 11 **Glaumbær**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
- 12 **Rannsókn á torf- og grjótleðsluleifum í Skagafirði**. Anna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
- 13 **Höfði á Höfðaströnd**. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 14 **Hátún og Mikligarður**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 15 **Syðra-Skörðugil**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað**. Guðný Zoëga júlí 2003.
- 17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfsstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
- 18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegræsi**. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.
- 19 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð, Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 20 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðfirði**. Guðný Zoëga október 2003.
- 21 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt**. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 22 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuhólt og Lyngholt**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 23 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sjávarborg, Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 24 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 25 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 26 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 27 **Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.

- 28 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð**. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004.
- 29 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
- 30 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum**. Guðný Zoëga, mars 2004.
- 31 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ**. Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 32 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi**. Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 33 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegræsi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.
- 34 **Hallormsstaður og nágrenni**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 35 **Hálsorp í Djúpavogshreppi**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 36 **Neðri-Ás í Hjaltadal**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 37 **Vopnafjörður**. Heimildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 38 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði**. Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 39 **Fornleifakönnun í landi Arnarness, Garðabæ**. Daniel Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir október 2004.
- 40 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ**. Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner.
- 41 **Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning**. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí 2005.
- 42 **Sauðá í Borgarsveit**. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní 2005.
- 43 **Steinsstaðir í Hafnarfirði /Hamarsbraut 17**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Auður Blöndal og Ragnheiður Traustadóttir.
- 44 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegna vegagerðar í botni Hrutafjarðar**. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir.
- 45 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegræsi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2005.

Heimasíða Byggðasafns Skagfirðinga er:
www.krokur.is/glaumb/